

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Raufarhafnarhreppi.

1. gr.

Árgjald fyrir að halda hund í Raufarhafnarhreppi skal vera kr. 6.000 á ári.
Gjaldið greiðist fyrirfram og óskipt fyrir allt tímabilið og er gjalddagi 1. júní 1997.
Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

2. gr.

Handsömunargjald skal vera kr. 6.000 í fyrsta sinn, 8.000 í annað sinn og kr. 10.000 í þriðja sinn.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Raufarhafnarhrepps staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðis-eftirlit, með síðari breytingum til að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 19. febrúar 1997.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

17. febrúar 1997

Nr. 153

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir skoðun, skráningu, mælingu skipa o.fl.

1. gr.

Skipagjald.

Eigandi skips skal greiða árlega í ríkissjóð sérstakt gjald, skipagjald, af hverju skipi sem skráð er á aðalskipaskrá. Í skipagjaldi er meðtalin kostnaður vegna aðalskoðunar skipsins sem framkvæmd er hér á landi.

Skylda til að greiða skipagjald fellur eigi niður þótt eigandi skips hafi ekki látið skoða skip árlegri aðalskoðun, né heldur þótt skip hans hafi ekki verið í notkun um stundarsakir.

Ef skip eru afskráð vegna úrelingar eða sölu úr landi er Siglingastofnun Íslands heimilt að fella hluta skipagjalda afskráningarárs niður að því tilskyldu að aðalskoðun hafi ekki farið fram á því ári.

Fari aðalskoðun fram erlendis að beiðni eiganda ber honum að greiða auk skipagjalds skv. 1. mgr. fargjöld og dagpeninga skoðunarmanns.

Skipagjaldið skal vera sem hér segir:

Skip flokkuð hjá Siglingastofnun Íslands:

	Kr.
Fyrir skip allt að 8 m að lengd	10.300
Fyrir skip 8 m á lengd til 15 m	18.800
Fyrir skip 15 m að lengd til og með 50 BT	31.100
Fyrir skip 50,01 BT til og með 100 BT	50.400
Fyrir skip 100,01 BT til og með 125 BT	57.700
Fyrir skip 125,01 BT til og með 350 BT	68.300
Fyrir skip 350,01 BT til og með 450 BT	86.700
Fyrir skip 450,01 BT til og með 800 BT	111.900